




Innlána safnið – fyrir þá sem vilja ekki taka markaðsáhættu




Lítill áhætta




Varfærna safnið – fyrir þá sem vilja taka minni markaðsáhættu




Hófleg áhætta



Áræðna safnið – fyrir þá sem vilja taka meiri markaðsáhættu



Meiri áhætta



Tölur miðast við 30.09.2023

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbandingu um samsvarandi ávöxtun í framtíð

Orðsending fjárfestingaráðs:

Síðustu mánuði hefur verðbólga minnkað verulega erlendis og seðlabankar ákveðið að halda vöxtum óbreyttum. Markaðsaðilar spá því að toppnum sé náð en að vextir haldist háir áfram. Ávöxtunarkrafa erlendra skuldabréfa hélt áfram að hækka á fjórðungnum. Ávöxtun erlendra skuldabréfa hefur því lækkað um 5% á fjórðungnum en það sem af er ári er ávöxtun neikvæð um 3% í erlendri mynt. Heimsvísitala hlutabréfa lækkaði um 3% en þrátt fyrir það hefur vísitalan hækkað um 12% í erlendri mynt það sem af er ári.

Ársverðbólga innanlands jókst í september og mælist nú 8%. Útlit er fyrir að verðbólga verði á svipuðum slóðum út árið en muni svo lækka hratt í byrjun nýs árs. Vísbandingar eru um að dregið hafi úr einkaneyslu og hægt á vexti almennrar atvinnuvegafjárfestingar. Þetta er jákvætt fyrir verðbólguþróun þar sem minnkandi eftirspurn dregur úr verðbólguþrýstingi. Skiptar skoðanir eru um hvort Seðlabankinn þurfi að bregðast frekar við eða að áhrif núverandi vaxtastigs sé nægjanlegt til þess að draga megi úr verðbólgu hérlendis.